



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

FAS24010050

Rammasamningur um alifuglakjöt - EES útboð nr. 15958

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 5. mars. sl. og skiluðu alls þrjú fyrirtæki inn tilboði: Ísfugl ehf, Matfugl ehf og Reykjagarður hf.

Rammasamningnum var skipt í þrjá hluta og var bjóðendum heimilt að bjóða í einstaka hluta.

Innkaupaskrifstofa er búin að yfirfara tilboðin hvað varðar fjárhagslegt og tæknilegt hæfi og uppfylla öll tilboðin kröfur útboðsgagna.

Fyrirtækin buðu eftirfarandi:

Hluti 1 - Ferskt alifuglakjöt		Hluti 2 - Frosið alifuglakjöt		Hluti 2 - Eldaðar afurðir	
Vegið kílóverð	Verð án VSK	Vegið kílóverð	Verð án VSK		
1 Ísfugl ehf	1.775,4 ISK	1 Ísfugl ehf	1.519,4 ISK	1 Ísfugl ehf	X
2 Matfugl ehf	1.815,6 ISK	2 Matfugl ehf	1.511,2 ISK	2 Matfugl ehf	X
3 Reykjagarður hf	1.669,0 ISK	3 Reykjagarður hf	1.446,0 ISK	3 Reykjagarður	X

Reiknað var vegið kílóverð á algengustu vörunum í hvorum hluta.

Útboðsgögn kveða á um að samið verði við lægstbjóðanda í hluta 1 en við þá þrjá aðila sem eiga lægstu tilboðin í hluta 2 og samið verður við alla þá sem eiga gild tilboð í hluta 3.

Innkaupaskrifstofa leggur því til að samið verði við Reykjagarð hf. í hluta 1 og alla bjóðendur í hluta 2 og 3.

Samningurinn gildir í fjögur ár og ársvelta síðustu ár hefur verið 60-70 milljónir án VSK.

Óskar Long Einarsson
Sérfræðingur
Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Óskar Long Einarsson